

Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs

Brynja Sveinsdóttir



Gerðarsafn

Eina listasafn landsins tileinkað listakonu og var Gerður brautryðjandi innan höggmyndalistar. Gerðarsafn skuli styrkja sérstöðu sína með áherslu á skúlptúr og stuðning við höggmyndalist héraendis.

Safnið stendur á sterkum grunni arfleifðar Gerðar Helgadóttur þar sem tilraunamennska og sköpunarkraftur hennar er leiðarljós í allri starfsemi safnsins. Frumkraftur Gerðar eigi að næra allar hliðar starfsemi Gerðarsafns og byggja á þeirri forystu sem Gerður tók í höggmyndalist með áherslu á miðilinn bæði í sýningarhaldi og stuðningi við samtímalist.

Er þar leitast við að kanna ekki aðeins verk Gerðar í samhengi hennar eigin samtíma heldur að nálgast arfleifð Gerðar út frá samtíma okkar. Hvernig listamaður hefði Gerður verið ef hún hefði verið uppi í dag.





Listræn sýn

Starfsemi sem miðar að metnaðarfullum sýningum á samtímalist og list fyrri tíma sem höfða til breiðs hóps gesta, öflugu viðburðahaldi og faglegu starfi í umsjón safneignar. Sýningar Gerðarsafns eru ákvarðaðar af ráðgjafanefnd safnsins.

Margbreytileiki samtímalistar

Metnaðarfullar sýningar sem birta hugðarefni samtímans og tengja saman listamenn af ólíkum kynslóðum. Í sýningunum felst öflugt samstarf við listahátíðir og alþjóðleg samstarfsverkefni.

Myndlist fyrri tíma í nýju ljósi

Sýningar á verkum úr safneign sem útvíkka skilning okkar á íslenskri listasögu með nýrri nálgun og óvæntum tengingum.

Sýningar sem styrkja sérstöðu Gerðarsafns

Sýningar á skúlptúr á við sýningarröðina Skúlptúr / skúlptúr sem takast á við miðilinn og vísa í arfleifð Gerðar.



List fyrir alla

Fræðsla og miðlun er grunnstoð listrænnar stefnu þar sem unnið er að því að vekja áhuga, forvitni og skapandi hugsun gesta og efla samband við nærumhverfið.

Gerðarsafn hefur markað sér sérstöðu fyrir fjölbreytt viðburðahald og er orðinn fastur áfangastaður fjölskyldufólks sem sækir fræðslurýmið Stúdíó Gerðar.

Starfsemi listasafna nær ekki aðeins til sýninga og viðburða heldur til heildarupplifunar gesta. Kynning, aðkoma, safnbúð, kaffihús, útisvæði og viðmót skipta sköpum í að gera heimsókn í Gerðarsafn að stuð sem vekur forvitni, áhuga og skapandi hugsun gesta.

Útvíkkun á starfsemi safnsins út fyrir hússins dyr svo Gerðarsafn væri kjarni listrænnar starfsemi í ólíkum hverfum Kópavogs með smiðjum, sýningum, hátíðum og útilistaverkum í almenningsrýmum.




Heildstæð upplifun af safnaheimsókn

Gerðarsafn hefur orðið að áfangastað fyrir fjölskyldufólk, áhugamenn um myndlist, kaffihúsagesti og nággranna safnsins. Markmið Gerðarsafns er að halda áfram uppbyggingu sem hefur orðið til mikillar aukningar á gestum á safnið, stórra sýninga-, fræðsluverkefna og öflugs alþjóðlegs samstarfs og samvinnu við listahátíðir, mennta- og menningarstofnanir.

Gerðarsafn hlaut tilnefningu til Safnaverðlaunanna 2021 fyrir fræðslustarf og miðlun. Umsögn valnefndar segir m.a.:

Mat valnefndar er að nýjar áherslur í miðlun Gerðarsafns nái til fjölbreytts hóps gesta á ólíkum aldri þar sem mikilvægri þekkingu á sviði safnsins er miðlað til þeirra á forvitnilegan og faglegan hátt, bæði með hefðbundnum leiðum miðlunar sem og notkun á nýjum miðlum. Safninu tókst sérstaklega vel til með verkefninu í takti þar sem markmiðið var að gera safnið unglingavænna og stofna sérstakt unglingaráð safnsins. Nýjar áherslur Gerðarsafns í miðlun á samtímalist og safnkosti er til fyrirmyndar og íslensku safnastarfi til framdráttar.

GESTAFJÖLDI Í GERÐARSAFNI



SAMANBURÐUR LISTASAFNA	Gestafjöldi	Viðburðir	Safneign	Stöðugildi
Gerðarsafn	41.636	66	4.290	3,2
Listasafnið á Akureyri	18.000	60	800	6
Hafnarborg	20.000	44	1.500	3,7

Stóraukin aðsókn í Gerðarsafni

Með aukinni áherslu á samtímalist, fræðslu og heildræna upplifun í safnaheimsókn hefur gestafjöldi Gerðarsafns fjórfaldast á árunum 2014-2022.

Stöðugildi á safninu hafa hinsvegar minnkað úr 4 stöðugildum í 3,2 á safninu öllu. Starfsmenn á skrifstofu eru tveir í fullu starfi: forstöðumaður og verkefnastjóri sýninga. Þrátt fyrir mikla áherslu á miðlun og fræðslu og árangur innan þess hefur ekki enn fengist stöðugildi til að sinna fræðslu og viðburðum í Gerðarsafni.

Síðastliðin sex ár hafa að jafnaði verið haldnir tæpir 70 viðburðir ár hvert og um 1400 skólabörn heimsótt Gerðarsafn ár hvert.

Með auknum stuðningi gæti Gerðarsafn eftt fræðslustarf sitt til muna.



Gerðarsafn

– lifandi vettvangur fyrir listir

Sýningar 2022-2023



Geometría

8. okt. 2022-30. des. 2022

Austursalur & Vestursalur

Geómetría er sýning á verkum íslenskra listamanna sem voru í forystu geómetrískrar abstraktlistar á 6. áratugnum. Var þetta í fyrsta sinn í íslenskri listasögu sem hópur íslenskra listamanna var samstíga því sem var að gerast á alþjóðavettvangi. Innan íslensku geómetríunnar voru listakonur áberandi hluti af kjarnanum, má þar nefna Gerði Helgadóttur, Nínu Tryggvadóttur og Guðmundu Andrésdóttur. Á sýningunni verður lögð áhersla á listamenn sem bjuggu í París á 6. áratugnum og ruddu brautina í framúrstefnu þess tíma.

Sýningarstjórn: Brynja Sveinsdóttir, Cecilie Gaihede, Ólafur Kvaran.

Sýningarhönnun: Arnar Freyr Guðmundsson, Hreinn Bernharðsson.



List án landamæra

20. okt. 2022 - 30. nóv. 2022

Salur á neðri hæð

Sýning sex íslenskra og fimm tékkneskra listamanna sem höfu samstarf í gegnum Barvolam í Prag. Barvolam er vettvangur fyrir samstarf taugsegin (en. Neurodiverse) listamanna. Listamennirnir vinna stór málverk, textílverk og vídeó og verður unnið samvinnuverk við opnun sýningarinnar.

Sýningin markar fyrsta sinn sem Gerðarsafn tekur þátt í List án landamæra. Sýningin mun opna 20. október samhliða sýningaropnunum í Bókasafni Kópavogs og Náttúrufræðistofu.

Sýningarstjóri: Jóhanna Ásgeirsdóttir



Tracing Fragments


14. jan. 2023 - 30. apríl 2023

Austursalur & Vestursalur

Tracing Fragments er samsýning listamanna frá frá Íslandi, Mexikó, Pakistan, Japan, Grænlandi, Danmörku, Noregi og Finnlandi; Abdullah Qureshi, Kathy Clark, Frida Orupabo, Hugo Llanes, Inuuteq Storch og Sasha Huber. Á afar ólíkan máta skoða þau hvernig þjóðerni tengist sjálfsmyndinni, að hvaðan við komum sé uppspretta persónuleikans.

Verkin þeirra eiga það sameiginlegt að rannsaka flókna sögu nýlendu- og kynþáttaofbeldis, gagnrýna og endurskrifa frásagnir um kúgun og eignarnám og endurheimta hugtök eins og yfirvald og fórnarlamb. Með því að vefa, sauma, mynda, og skeita saman endurheimta listamennirnir sögulegar aðferðir við handverk, ljósmyndun og heimildasöfnun. Tracing Fragments varpar ljósi á frásagnir þeirra sem kúgaðir voru og gefa þeim rödd til að skrifa sína eigin sögu í gegnum ólíka listræna miðla.

Sýningarstjóri: Daría Sól Andrews



Gerður grunnsýning
14. jan. 2023 –
Salur á neðri hæð

Enduopnun grunnsýningar á verkum Gerðar Helgadóttur með rakastýrðu sérrými fyrir járnverk Gerðar. Sýningin gefur yfirlit yfir feril Gerðar með áherslu á höggmyndalist hennar.

Sýningin er framhald af yfirlitssýningu sem haldin var árið 2018 þar sem 1400 verk hennar í safneign Gerðarsafns voru höfð til grundvallar. Sköpunarkraftur og tilraunastarfsemi Gerðar er leiðarstef í starfsemi Gerðarsafns sem einnig endurspeglar stöðu þess sem eina listasafn landsins stofnað til heiðurs listakonu.

Sýningin mun vera grunnsýning í Gerðarsafni og standa alla jafna uppi á neðri hæð.



Rósa Gísladóttir


16. júní 2023-17. sept. 2023

Austursalur & Vestursalur

Einkasýning Rósu Gísladóttur í báðum sölum Gerðarsafns. Verk Rósu eru könnun á geometríu og klassískri formgerð með vísunum í arkitektúr og rússneskan konstruktivism. Skúlptúrar hennar spila á mörkum þess klassíska og nútímalega jafnframt í fagurfræði og efnisnotkun. Verk í við, gífs, keramik og gler skapa samspil við umhverfi sitt hvort sem það er staðbundið verk í borgarlandslagi eða skúlptúrar sem hverfast um sýningarrými.

Sýningin mun teygja sig út fyrir veggi Gerðarsafns og í útisvæði safnsins.

→ Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir



SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR
30.sept.2023-30.des.2023
Austursalur & Vestursalur

SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR er sýningaröð sem haldin verður í fimmta sinn í Gerðarsafni sem er ætlað að draga fram skúlptúrinn í samtímanum, ekki einungis sem mikilvægum hluta listasögunnar heldur einnig sem lifandi sjónrænu tungumáli samtímalistarinnar. Gerðarsafn býður listamönnum að leggja fram hugleiðingar um skúlptúrinn þar sem hver og einn gengur til samtals við miðilinn á eigin forsendum

Sýningaröðinni SKÚLPTÚR / SKÚLPTÚR er ætlað að heiðra Gerði Helgadóttur (1928-1975) myndhöggvara og framlag hennar til íslenskrar höggmyndalistar um leið og dregnar eru saman tengingar við íslenska sýningarsögu og hreyfingar í samtímaskúlptúr.



Gerðarsafn

– lifandi vettvangur fyrir listir

Listaverkakaup og Gerðarverðlaunin



Innkaup í safneign Gerðarsafns

Gerðarsafn safnar myndlistarverkum í samræmi við söfnunarstefnu Gerðarsafns. Ráðgjafanefnd Gerðarsafns velur verk til kaupa og er valið lagt fyrir lista- og menningarráð til samþykktar. Söfnunarstefna Gerðarsafns er:

Að safna verkum eftir viðurkennda listamenn sem endurspegla strauma og stefnur samtímans.

Að safna verkum eftir listamenn sem sýna í Gerðarsafni og endurspegla þannig sýningarstefnu og samband safnsins við samtímann.

Að viðhalda og fylla í sérsöfn í safneigninni þ.e. Gerði Helgadóttur, Barböru og Magnús Á. Árnason og Valgerði Briem og skal þannig stuðla að sem bestu og heildstæðustu safni verka listamannanna.

Engar takmarkanir skulu vera á þeim miðlum sem verkin eru unnin í, heldur skal einungis tekið mið af listrænu gildi þeirra.

Fjármagn til innkaupa er 3.500.000 ár hvert með stuðningi lista- og menningarráðs Kópavogsbæjar.

Innkaup 2018-2022


Listamaður	Aldursbil	Kyn	Uppruni	Miðill verks
Gerður Helgadóttir	90-95	kvk	IS	skúlpúr teikning / ljósmynd / rýmisverk
Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson	55-60	kvk og kk	IS/GB	skúlpúr / útilistaverk
Unnar Örn Auðarson	40-45	kk	IS	skúlpúr / ljósmynd
Bjarki Bragason	40-45	kk	kk	skúlpúr/ljósmynd
Arna Óttarsdóttir	30-35	kvk	IS	textílverk
Claudia Hausfeld	40-45	kvk	DE	ljósmynd
Gerður Helgadóttir	90-95	kvk	IS	skúlpúr
Haraldur Jónsson	60-65	kk	IS	ljósmynd
Sigurður Guðjónsson	40-45	kk	IS	vídeo
Katrín Elvarsdóttir	55-60	kvk	IS	ljósmynd
Áslaug Íris Katrín Friðjónsdóttir	40-45	kvk	IS	lágmynd
Ragnheiður Gestsdóttir	45-50	Kvk	IS	Skúlpúr

Verk eftir Gerði Helgadóttur

Gerðarsafni bauðst að kaupa verk eftir Gerði Helgadóttur, *Svif*, af annarri einkasýningu í Galerie Arnaud í París 1952. Verkið er eitt af fáum svifverkum eftir Gerði, sem eru skúlptúrar sem hanga úr lofti. Gerðarsafn á aðeins eitt svifverk eftir Gerði frá þessu tímabili listsköpunar hennar, þar sem hún vann sín fyrstu verk í járn. Í verkinu tengjast fíngerðar járnþynnur saman og upphengi verksins lætur það snúast í loftinu. Verkið er 55 x 65 x 43 cm að stærð.

Lista- og menningaráð Kópavogs veitti viðbótarfjármagn til kaupa verksins: 1.500.000,-

Fjármagnið til kaupa verksins er umfram árlegan styrk lista- og menningaráðs, 3.500.000,- til innkaupa í safneign Gerðarsafns.





Gerðarverðlaunin

Gerðarverðlaunin eru veitt til stuðnings við höggmyndalist hérlandis og voru veitt í fyrsta sinn 2020. Verðlaunin eru til heiðurs Gerði Helgadóttur myndhöggvara og eru veitt árlega framúrskarandi myndlistarmanni sem vinnur í skúlptúr og rýmisverk.

Lista- og menningarráð Kópavogs samþykkti að stofna til verðlauna í nafni Gerðar Helgadóttur og nema þau einni milljón króna.

Fyrsti verðlaunahafi Gerðarverðlaunanna var Rósa Gísladóttir fyrir metnaðarfullt og kröftugt framlag til höggmyndalistar. Gerðarverðlaunin hafa haft gríðarlega góð áhrif á feril Rósu en hún er að halda þrjár einkasýningar á næstu tveimur árum, þar á meðal stóra yfirlitssýningu í báðum söllum Gerðarsafns.





Gerðarverðlaunin

Þór Vigfússon (f. 1954) hlýtur Gerðarverðlaunin fyrir ríkulegt framlag sitt til höggmynda- og rýmislistar hérlandis.

Á 45 ára ferli sínum hefur Þór víða komið við, en ætíð fundið persónulega leið í listsköpun sinni. Verk hans hafa alla tíð legið á mörkum flatar og þrívíddar og í seinni tíð eru þau einföld á yfirborðinu; gerð úr gleri, plexigleri, speglum eða formica með einlitum hreinum flötum. Þau hafa mörg einkenni minimalismans, eru tæknilega vel unnin og í þeim er oft falin stöflun, endurtekning eða samhverfa sem brotin er upp með hreinum litaflötum. Spegln verkanna virkar þannig að mörkin á milli flatar og þrívíddar verða óljós og breytast eftir afstöðu áhorfandans.

Gerðarverðlaunin eru mikilvægur þáttur í nýsköpun og stuðningi við samtímalist sem styður við áherslu safnsins á höggmyndalist.

